

Úrskurður 6/2020

A kærði ákvörðun Tollstjóra um tollverð að fjárhæð kr. X vegna flutnings búslóðar frá Bandaríkjunum. Kærandi óskaði eftir að tollverð sendingar yrði endurskoðað.

Innflytjandi uppfyllti ekki skilyrði um lágmarks búsetutíma erlendis og var því hafnað um tollfrelsi búslóðar og honum gert að greiða aðflutningsgjöld af sendingunni.

Aðflutningsskýrslu var síðar skilað inn þar sem verðmæti varanna var tiltekið í samræmi við þær upplýsingar sem fengnar voru á innihaldslista sem innflytjandi fyllti sjálfur út og fylgdi með tollskýrslu innflytjanda. Var það verðmat samþykkt af hálfu Tollgæslustjóra. Þar sem eðlilegt tollverð lá fyrir, voru aðflutningsgjöld með réttu álögð miðað við uppgengið verðmæti varanna.

Niðurstaða

Staðfest var ákvörðun embættisins um höfnun á tollafgreiðslu sendingar E sem búslóð, ásamt ákvörðun Tollgæslustjóra um tollverð umræddrar sendingar.